

Jól og áramót á hjúkrunarheimilum í COVID-19 faraldri

Heimsóknir á aðventu og um hátíðirnar

- Heimilin eru opin fyrir heimsóknir og geta 1-2 gestir komið í heimsókn hvern dag.
- Heimsóknartímar hafa verið lengdir.
- Nauðsynlegt er að hafa sinnt eigin sóttvörnum í hvívetna.
- Börn yngri en 18 ára eru velkomin ef þau teljast annar af þessum tveimur gestum.
- Gestir mega ekki dvelja í almennum rýmum, heldur eingöngu inni hjá íbúa.
- Ekki er opið fyrir heimsóknir á matmálstímum og á það einnig við um aðfangadag og jóladag.
- Alfarið er mælt gegn því að íbúar fari í boð til ættingja á þessum tíma. Ef farið er í slíkt boð þarf íbúi að vera í sóttkví á heimili aðstandanda og fara í sýnatöku að sóttkví lokinni áður en heimild er veitt til að koma aftur inn á hjúkrunarheimilið.
- Fólk sem kemur erlendis frá verður að hafa lokið sóttkví og neikvæð niðurstaða seinni sýnatöku þarf að liggja fyrir. Gott er að láta 3 daga líða til viðbótar áður en komið er inn á hjúkrunarheimili.
- Stjórnandi heimilis getur veitt undanþágu frá þessum reglum.